

Félag kennara á eftirlaunum

FKE-fréttir

2. töl. 26. árg. - 16. febrúar 2006



Allir á árshátíð 3. mars!.

Árshátíðin verður 3. mars

í Kiwanishúsinu Engjateigi 11 - sami staður og í fyrra.

- **Húsið opnað kl. 18:30 - hátíðin sett kl. 19:15.**
- **Veisla, skemmtun, söngur og dans!**
- **Gamla góða verðið! Sjá nánar á bls. 2.**
- **Skráðu þig strax (fyrir 1. mars!) í síma KÍ: 595-1111**

Árshátíðin verður 3. mars 2006

í Kíwanishúsinu að Engjateigi 11 - sem er sami staður og í fyrra. Dagskráin verður þannig:

- Kl. 18:30 - húsið opnað og kl. 19:15 verður hátíðin sett.
- Matseðill - (*velja má grænmetisrétt við skráningu*)
Forréttur: léttreykt laxapaté og úthafsraekjur á salatbeði.
Aðalréttur: logandi lamb á hlaðborði.
Eftirréttur: kaffi og Tira Misu.
- EKKÓ-kórinn syngur, Tryggvi Gíslason ávarpar gesti, samkvæmisdansar sýndir og almennur söngur undir stjórn Sigurðar Jólssonar.
- Capri-trío leikur fyrir dansi.
- Skráning er í síma KÍ: 595-1111. Mjög gott er ef menn skrá sig sem allra fyrst - en síðasti skráningardagur er 28. febrúar. Taktu fram ef þú vilt frekar grænmetisrétt.
- Sama gamla verðið! Verð aðgöngumiða er kr. 3.500 - eins og undanfarin ár.

Hittumst á árshátíðinni og gleðjumst saman!

Vorstarfið - sjá janúarblaðið!

Alls eru 27 atburðir áætlaðir í starfi félagsins í mars, apríl og maí og tímasetning þeirra verður eins og kynnt var í janúarblaði *FKE-frétta*. Í Morgunblaðspættinum *Staður og stund* er reynt að minna samdægurs á hópastarfið í bridds, tölvu, bókmenntum, æfingar hjá EKKÓ-kórnum og einnig á fræðslu- og skemmtifundina. ***Síðastur þeirra er jafnframt aðalfundur félagsins laugardaginn 6. maí.***

Sumarferðir í ágúst

16. - 18. ágúst: Þriggja daga ferð til Austurlands

Á miðvikudeginum ekið norður Sprengisand og gist á Stóru-Tjörnum. Þaðan haldið næsta dag um Norðausturlandið að Kárahnúkum og gist á Eiðum. Á þriðja degi er svo haldið heim.

Farstjóri: Jón R. Hjálmarsson.

23. ágúst: Hefðbundin dagsferð í Dalina

Miðvikudaginn 23. ágúst verður farin hefðbundun sumarferð frá Reykjavík vestur í Dali. Ekinn verður hringurinn um Klofning og meðal annars komið við á Skarði á Skarðsströnd og Eiríksstöðum í Haukadal. Á heimleið verður hátíðarkvöldverður eins og venja er í sumarferðum félagsins.

Fararstjóri: Jón R. Hjálmarsson.

* Sjá nánar um sumarferðirnar í aprílblaði FKE-frétta.

29. NPT-mótið (29. Nordisk Pensionist-Treff) verður haldið í Ábo/Turku í Finnlandi, dagana 10. - 14. júní 2006.

Sem fyrr er aðeins um fáa þátttakendur að ræða frá Íslandi en þann 1. apríl næstkomandi verður ljóst hvort félaginu býðst aðgangur fyrir fleiri. Ef svo vel tekst til þá geta áhugasamir félagar notfært sér það.

Þátttaka hvers einstaklings kostar um kr. 45.000 og flugferðin kostar einnig um kr. 45.000 eða samtals um kr. 90 þúsund á genginu þann 12. febrúar 2006. Þar er innfalið allur fæðis-kostnaður, mótsferðir og þátttaka í lokahófi.

Þeir sem hafa hug á þátttöku ef aukasæti fást hafi strax samband við stjórn félagsins.

Frábær tilboð um Spánarferðir

Orlofssjóður KÍ hefur fengið tilboð í ferðir með Sumarferðum í vor, eins og undanfarin ár. Hér eru dæmi um verð á ferðum til Benidorm, Tenerife og til Kanaríeyja. Orlofssjóður styrkir þessar ferðir um kr. 17.500 fyrir hvern félagsmann FKE. Þú bókar ferðina hjá www.sumarferdir.is (s.: 575-1515) og síðan gefur Orlofssjóður út afsláttarmiða að upphæð kr. 17.500 fyrir félagsmann. Þetta eru afar hagstæð verð í 3 til 4 vikur. Hægt er að velja hversu lengi hver vill vera.

Styrkur orlofssjóðs gildir eingöngu á eftirfarandi hótél í þessum brottförum.

Benidorm 26. apríl 2006 í 3 vikur

Hotel Oasis Plaza

(DB HB) Oasis Plaza herb m 1/2 fæði

Verð pr. farþega: kr. **66.600**

Heildarverð: kr. **133.200**

Bali Hotel - LA CALA

(DB HB) Bali. Herbergi m 1/2 fæði

Verð pr. farþega: kr. **69.680**

Heildarverð: kr. **139.360**

Tenerife 27. apríl í 4 vikur til 24. maí.

Flug	Brottför	Dags	Koma	Dags
JKK1746	Keflavík	27. apr. 2006 14:20	Tenerife South	27. apr. 2006 21:05
JKK1745	Tenerife South	24. maí. 2006 08:30	Keflavík	24. maí. 2006 13:05

Gisting - Playa Americas Ströndin: (Verð miðast við flug, hótélgistingu og flugvallarskatta)

Parque Santiago

(ST) Parque Santiago

Verð pr. farþega: kr. **64.313**

Heildarverð: kr. **128.625**

Parque Santiago

(A1) Parque Santiago - fb. m. 1 svefnh.

Verð pr. farþega: kr. **67.840**

Heildarverð: kr. **135.680**

Einnig er frábært tilboð til Kanaríeyja 25. apríl til 16. maí.

Flug	Brottför	Dags	Koma	Dags
JKK1766	Keflavík	25. apr. 2006 14:10	Las Palmas	25. apr. 2006 20:45
JKK1777	Las Palmas	16. maí. 2006 08:10	Keflavík	16. maí. 2006 12:45

Gisting - ENSKA STRÖNDIN: (Verð miðast við flug, hótélgistingu og flugvallarskatta)

Las Tartanas

(B1) Smáhýsi m. 1 svefnh. (2+2)

Verð pr. farþega: kr. **47.800**

Heildarverð: kr. **95.600**

Club Sunshine Apt

(A1) Club Sunshine fb.með 1 svefnh

Verð pr. farþega: kr. **47.800**

Heildarverð: kr. **95.600**

Pantaðu hjá Sumarferðum (s: 575-1515) og talaðu svo við Orlofssjóðinn!